

Hofsstaðaskóli, 7. október 2008.

## FUNDUR HJÁ FORELDRAFÉLAGINU

*Mættir: Guðrún, Herdís, Iðunn og Þorgeir.*

Ákveðið var að hittast til að taka stöðuna.

*Prókúra á reikn. foreldrafélagsins*  
Þorgeir vantar prókúru, fer í það í vikunni.

### *Skólaflíspeysur*

Ákveðið var að panta flíspeysur í mars fyrir næsta vetur með hinum skólunum. Lítið er til á lager en ef fólk vill getur það farið í Cintamani og fengið peysu með merki skólans á (kostar kr. 4.700).

### *Jólasveinar*

Kristrún skipuleggur jólaball 19. des. fyrir eldri börn (5.-6. bekkur). Eldri börnin eru eftir hádegi en yngri fyrir hádegi. Gamli jólasveininn svarar ekki í síma svo Þorgeir ætlar því að tala við Einsa Júll sem þekkir alvöru sveinka.

### *Matur*

- Varðandi verðið á skólamáltíðum þá hefur Margrét, forstöðumaður fræðslu- og menningarviðs Garðabæjar fengið fyrirspurnir og kvörtun frá foreldrum. Foreldrafélagið hefur hug á að semja bréf vegna of hás verðs á skólamáltíðunum en kanna fyrst reglur sem snúa að skólavist og matarmálum.
- Þorgeir ætlar svo að tala við Axel sem sér um skólamatinn og ræða við hann um: Hvort hægt sé að bjóða uppá grænmeti þegar grjónagrautur er í matinn, athuga með bein í fiski, athuga hvort komi ekki nóg af mjólk með grjónagrautnum þegar hann er í matinn, athuga hvort hægt sé að sleppa því að setja sósu yfir mat þannig að sósan sé valkostur.

### *Önnur mál*

- Herdís ætlar að hitta Elísabetu.
- Herdís ætlar að finna nöfn á foreldrum í ýmsum nefndum. (Laufabrauð verður bakað 29. nóv.)
- Iðunn skrifar skólastjóra um nál í púða í skólastofu sem stakkst í stúlku.
- Guðrún finnur bekkjarfulltrúalistann.
- Þorgeir athugar með bekkja- og einstakl.myndatökur fyrir aðventuna.

F.h. foreldrafélagsins, Herdís.